

#### 4. fundur stjórnar FORMA skólaárið 2015-2016

Haldinn fimmtudaginn 3. desember 2015 kl. 16:30 í Meistarastofu.

Mætt voru: Ester Stefánsdóttir, Ragnheiður Halldórsdóttir, Jóhanna M. E. Matthíasdóttir, Erla Sigurðardóttir, Arne Vagn Olsen og Heimir Haraldsson námsráðgjafi.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt með fáeinum breytingum.
2. Rædd var staða yfirferðar á lögum félagsins og heldur vinna við skoðun þeirra áfram. Ákveðið var að huga þó að réttri framsetningu laga á vef að svo stöddu. Erla mun gera leiðréttingar þar á og senda á stjórn. Jóhanna mun þegar þeirri vinnu er lokið sjá til þess að koma leiðréttingu á vef.
3. Rætt var um kynningarbréf til foreldra. Huginn gerir engar athugasemdir við bréfið og allir fulltrúar stjórnar ForMA eru samþykkið bréfinu, það er því tilbúið til útsendingar. Jóhanna sendir bréfið í framhaldi út til aðstandenda ólögráða nemenda.
4. Rætt var um stöðu skipulagningar málþings Hugins og FORMA. Enn er stefnt að tveimur viðburðum í febrúar og apríl. Verið er að bíða eftir viðbrögðum frá Jóni Jónssyni og þarf að fá staðfestingu frá Gulla á tímasetningu. Einnig var rætt um mögulega tilhögun veitinga.
5. Umræða um gæðamat og fageinkunnir. Heimir sendi upplýsingar til stjórnar um niðurstöður prófa á vorönn 2015 og voru þær ræddar. Mun stjórn fylgjast með slíkum niðurstöðum í framtíðinni.
6. Ragnheiður skilaði af sér uppgjöri vegna Hólavats ferða.
7. Ganga þarf frá samkomulagi milli Forma og MA vegna nýtingar netfanga og upplýsinga frá skólanum til að tryggja rétta meðferð gagna. Jóhanna og Heimir setja upp slíkt samkomulag fyrir hönd Forma og MA.
8. Rætt var um fundartíma fram á vorið og gert ráð fyrir að þeir verði fyrsta fimmtudag hvers mánaðar nema annað komi í veg fyrir það. Dagsetningar verða skoðaðar nánar á næsta fundi.

Þar með er efni fundar upptalið. Næsti fundur er áætlaður 7. janúar. kl. 16:30 í Gamla skóla.

Fundargerð ritaði Jóhanna M. E. Matthíasdóttir.